

Ár 1977, mánudaginn 25. júlí, var í málinu nr. 1/1977 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 27. desember 1976, kærði Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Arnasonar f.h. Meitilsins h.f. í Þorlákshöfn yfir álagningu fasteignaskatts á Síldarverksmiðju félagsins í Þorlákshöfn. Umrædd fasteign (þjóðskrárnúmer 9998-7000) var í aðalmati fasteigna metin á samtals kr. 51.120.000,-. Með mati millimatsmanna frá 30. nóvember 1974 var lóð endurmetin vegna stækkunar og mat hennar hækkað í kr. 4.847.000,- og auk þess tekin í mat hráefnisgeymsla, sem var metin á kr. 1.455.000,-.

Með bréfi, dags. 27. febrúar 1975, kærði félagið mat mannvirkja og samkvæmt úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar frá 8. júlí 1975, var mat þeirra lækkað í kr. 19.282.000,-.

Í nefndu bréfi frá 27. desember 1976 og bréfi Ölfushrepps til kæranda frá 29. sama mánaðar kemur fram, að hreppurinn hafnar kröfu um endurgreiðslu á fasteignaskatti „aftur fyrir dagsetningu kæru, þ.e. 27. febrúar 1975“. Af því tilefni er bréfið frá 27. desember 1976 sent Yfirfasteignamatsnefnd og þar kærð „álögð ofgreidd gjöld til réttis vegar fyrir árin 1972, 1973, 1974 og 1975 ....“, eins og nánar er lýst í bréfinu.

Réttur gjaldstofn fasteignaskatts ársins 1975 af umræddri fasteign er kr. 24.129.000,-, samkvæmt fyrrgreindum úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar frá 8. júlí 1975. Gjaldstofn fasteignaskatts árána 1972, 1973 og 1974 ákveðst kr. 20.536.000,-. Yfirfasteignamatsnefnd fellir aðeins úrskurð um gjaldskyldu og gjaldstofn, sbr. lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, 4. gr. 3. mgr.. Er ekki á valdi nefndarinnar að úrskurða um skyldu sveitarfélags til endurgreiðslu oftekens fasteignaskatts, heldur heyrir það undir almenna dómstóla.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Gjaldstofn fasteignaskatts árána 1972, 1973 og 1974 af Síldarverksmiðju Meitilsins h.f. í Þorlákshöfn (þjóðskrárnúmer 9998-7000) er kr. 20.536.000,- og ársins 1975 kr. 24.129.000,-.

  
Torfi Asgeirsson

  
Gaukur Jörundsson

  
Pétur Stefánsson